

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Fundargerð 97. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis föstudaginn 9. maí kl. 13:00. Mættir voru: Anton Helgason, Jón Reynir Sigurvinsson, Kristján Jóakimsson, Einar Valur Kristjánsson, Sólrún Geirsdóttir og Jón Hörður Elíasson

## Dagskrá:

1. Ársskýrsla 2013
2. Gjaldskrá 2014
3. Samþykkt um þrífnað á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Vestfjarða
4. Bílamál endurnýjun á Skóðabifreið eftirlits.
5. Garðstaðir
6. Samþykkt um þrífnað utanhúss
7. Umhverfisstofnun
8. Matvælastofnun
9. Skipulagsmál
10. Sveitarfélög
11. Úr eftirliti
12. Starfsleyfi fyrirtækja
13. Tækifærisleyfi
14. Önnur mál

## Dagskrá

1. **Starfsskýrsla fyrir árið 2013** Heilbrigðisfulltrúi kynnti starfsskýrslu heilbrigðiseftirlits fyrir árið 2013. Í henni eru upplýsingar um eftirlit, fjölda eftirlitsferða og niðurstöður sýnatöku á matvælum og neysluvatni. Tilgreind eru hin ýmsu verkefni sem farið var í á árinu 2013 og gerð grein fyrir kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna við eftirlitið. Vonast er til að þessi kynning varpi ljósi á starfsemi heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2013. Samþykkt að senda sveitarfélögum skýrsluna á rafrænu formi. Athuga þarf að ekki sé hægt að misnota myndir.
2. **Gjaldskrá 2014.** Framkvæmdastjóri leggur til að gjaldskrá verði hækkuð um 4%. Tvær breytur eru í gjaldskránni, annarsvegar gjald fyrir rannsóknir á sýnum og hinsvegar tímagjald. Heilbrigðisnefnd leggur til að gjald vegna sýna verði kr. 14.500 og tímagjald verði kr. 10.068 Heilbrigðisnefnd samþykkir að senda breytingu á gjaldskránni til sveitarfélaga.
3. **Eftirlitsbifreið.** Heilbrigðisfulltrúi gerði grein fyrir bilunum og viðgerðum á eftirlitsbíl, á fyrstu þremur mánuðum ársins er viðgerðarkostnaður kominn í 250.000 kr og er þá búið að fella niður reikninga upp á 200.000 kr. Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að endurnýja bílinn með nýjum eins bíl sem greiddur verður með láni og söluandvirði gamla bílsins. Framkvæmdastjóra veitt umboð til að selja Skoda oktavíu árgerð 2007 ekna 205.000 km fyrir eins mikið og hægt er og taka lán fyrir nýjum bíl. Gert var ráð fyrir þessari endurnýjun í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014.
4. **Garðstaðir**  
Þorbjörn Steingrímsson hefur í samtölum við heilbrigðiseftirlit kynnt hugmyndir sínar um flutning á helmingi af bílasafninu í ár og helming á næsta ári og að því loknu fá fram breytingu á skipulagi jarðarinnar.

5. Samþykkt um þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða var samþykkt þann 30. apríl 2004 í heilbrigðisnefnd. Þá tókst ekki að ljúka málinu, nú virðist hins vegar vera áhugi fyrir samþykktinni er hún því tekin aftur til afgreiðslu í heilbrigðisnefnd og óskað eftir því að sveitarfélögin á starfssvæðinu samþykki hana. Eftirfarandi eru afgreiðslur sveitarfélaga.
  - Ísafjarðarbær samþykkja samþykktina á fundi þann 20. mars.
  - Strandabyggð samþykkja samþykktina á fundi þann 11. mars.
  - Vesturbyggð samþykkt
  - Bolungarvík vísað til Umhverfisnefndar
  - Samþykkt er að samþykktin verði birt.
6. **UAR-Ráðuneyti bréf til kynningar**
  - Breyting á reglugerð 810/2010 um hollustuhætti á sund og baðstöðum. Varðar fyrirkomulag hæfnisprófa fyrir sundkennara.
  - Breyting á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Ríkari krafa um deiliskipulag.
  - Svar við erindi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis þar sem þeim eindregnu tilmælum er beint til ráðuneytis að fella úr gildi reglugerð nr 303/2008 um úrvinnslu ökutækja. Erindinu er hafnað með vísan í umsögn Umhverfisstofnunar.
7. **Lyfjastofnun**
  - Athugasemdir lyfjastofnunar varðandi sjálfsafgreiðslu á nikotín lyfjum í verslunum. Slík vara má ekki vera í sjálfvali.
8. **Umhverfisstofnun bréf til kynningar**
  - Staðfesting á úrbótum vegna urðunarstaðar að Hóli, Bolungarvík. Máli lokið.
  - Lokun urðunarstaðarins í Vatneyrarhlíð: Farið fram á að Vesturbyggð skili inn endurbættri lokunaráætlun fyrir urðunarstaðinn í Vatneyrarhlíð.
  - Notkun á blýlóðum við jafnvægisstillingu hjóla, skv reglugerð 506/2007 er óheimilt að nota blýlóð við jafnvægisstillingu hjóla.
  - Tilnefningar í samstarfshópa Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Sveitarfélaga. Anton er skipaður í vinnuhóp um Hollustuhætti og Hlynur er skipaður í vinnuhóp um Umhverfisgæði.
  - Gæðakröfur baðvatns skv. reglugerð um hollustuhætti á sund og baðstöðum vakin athygli á kröfum í reglugerð 814/2010.
  - Þrýstiprófanir á lögnum í olúbirgðastöðinni á Patreksfirði á árinu 2014.
9. **Matvælastofnun bréf til kynningar**
  - Breyting á reglugerð um smáræðismörk nr, 580/2012 um staðbundna afhendingu á litlu magni. Tillaga Matvælastofnunar varðandi meðferð og ráðstöfun á hreindýrakjöti.
  - Minnisblað um mælingar á varnarefnaleifum í matvælum.

## 10. Úr eftirliti

- **Sveitarfélög**
- **Ísafjarðarbær sækir um starfsleyfi fyrir fráveitur Ísafjarðarbæjar.** Með bréfi frá 3. apríl sækir Ísafjarðarbær um starfsleyfi fyrir Fráveitur Ísafjarðarbæjar sbr. 14. gr. reglugerðar um fráveitur og skólþ. Heilbrigðisnefn óskar eftir frekari gögnum þannig að hægt sé að vinna starfsleyfið.
- **Heildarefnagreining á neysluvatni Patreksfjarðar.** Tekið var sýni þann 24. mars 2014, niðurstöður voru að vatnið stenst gæðakröfur. Jafnframt var tekið sýni af sigvatni frá urðunarstaðnum í Vatneyrarhlíð.
- **Heildarefnagreining á neysluvatni Súðavík.** Tekið var sýni til heildarefnagreiningar fyrir vatnsveitu Súðavíkurhrepps þann 4.4. 2014 niðurstöður voru að vatnið stenst gæðakröfur.
- **Skipulagsmál**
- Umsögn heilbrigðiseftirlits Vestfjarða um deiliskipulag við Látrabjarg.
- Umsögn heilbrigðiseftirlits Vestfjarða um breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018
- N1- Tilkynning : Uppgröftur gamalla geyma í Króksfjarðarnesi. Um er að ræða þrjú geyma 9000 ltr. hver. Búið er að loka bensínstöðinni í Króksfjarðarnesi.
- N1- uppgröftur geyma á Strandgötu 28 Tálknafirði. Þrjú geymar einn 6000ltr og tveir 9000ltr.
- Umsögn um rannsóknarleyfi á kalkþörungaseti í Önundarfirði og Ísafjarðardjúpi.
- Umsögn um deiliskipulag á Langeyri í Súðavík
- Umsögn um deiliskipulag iðnaðarsvæði nyrst á Bíldudal
- Umsögn um vatns og frárennismál vegna byggjar sumarhúss í landi Hörgshlíðar í Súðavíkurhreppi.
- **Eftirlit**
- Eftirfylgni vegna ábendingar um sölu tóbaks til einstaklinga yngri en 18 ára.
- Skýrsla Skeljungs um dælingu á olíu af olíuflutningabíl sem valt á Kleifaheiði þann 6. mars. Ekki var sjánlegur leki frá bílnum.
- **Minnisblað** um úttekt á leiktækjum á leiksvæðum í Bolungarvík og Ísafirði.
- **Við eftirlit með bensínstöðvum 2013 komu fram alvarlegar athugasemdir við 9 bensínstöðvar. Fullnægjandi svör hafa ekki borist frá olífélögum um úrbætur. Búið er að loka einni stöð þ.e í Króksfjarðarnesi. Lagt er til að lagðar verði á dagsektir í 30 daga eða þar til raunhæfar úrbótaáætlanir berast og ef það dugar ekki þá lokar heilbrigðiseftirlitið viðkomandi bensínstöðvum.**
- Á Vestfjörðum voru starfandi 22 bensínstöðvar, verulegar athugasemdir voru gerðar við 9 bensínstöðvar. Af stöðvum sem skoðaðar hafa verið,

vantar olúgildru við 7 stöðvar þ.e. Norðurfirði, Reykjanesi, Króksfjarðarnesi, Reykhólum, Innri Múla, Flateyri og Suðureyri. Skv gr. 69 (35/1994) skal vera olúskilja tengd afgreiðslu og áfyllingarplani.

- Olúhelt afgreiðslu og áfyllingarplan vantar við fimm stöðvar, Norðurfirði, Reykjanesi, Króksfjarðarnesi, Innri Múla og Reykhólum. Skv. gr. 67(35/1994) skal vera vökvahelt áfyllingar- og afgreiðsluplan sem þolir olúur. Athugasemdir voru gerðar við hellulögð afgreiðsluplön með olúdukk undir á Patreksfirði og Tálknafirði þar sem plön hafa sigið og óvíst að dúkur haldi. Að auki eru stöðvarnar á Króksfjarðarnesi, Reykhólum, Suðureyri, Flateyri og Innri Múla komnar á tíma hvað varðar að grafa tanka og lagnir upp og þykktarmæla.

## 11. Starfsleyfi fyrirtækja

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr 7/1998 og lögum um matvæli nr 93/1995. reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram.

Kennitala	Heiti	Póststöð	Heiti atvinnugreinar
530686-1329-	Þörungaverksmiðjan- matvæli	Reykhólar	Mjölvinnsla úr sjávarafurðum
440787-2589-	Reykhólahreppur -Króksfjarðarnes vantsveita	Reykhólar	Vatnsveitur, einka
070755-5139-	Dalbær-Ingibjörg Kjartansdóttir	Ísafjörður	Krár, kaffihús án matsölu ( lítill starfsemi >50 gestir
460606-1440-	EagleFjord- Þingeyri	Þingeyri	Veitingaverslun

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr 7/1998 og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Póststöð	Heiti atvinnugreinar
180354-3369-738	RH íbúðir- Túngata 1	Ísafjörður	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliselhdús)
651103-2580-8	Gistihúsið Tangagötu (Massi þrif)	Ísafjörður	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliselhdús)
550313-0220-	Aðalstræti 62 ehf	Patreksfjörður	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (17-50 gestir)
680214-0930-	Hárstofan María ehf	Ísafjörður	Hárgreiðslu- og snyrtistofur
630112-0870-	Káta Krullan	Patreksfjörður	Hárgreiðslustofur

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. skv. rgl. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Póststöð	Heiti atvinnugreinar
570192-2139-	Gámaþjónusta Vestfjarða malarnám í Engidal	Ísafjörður	Malar- og sandnám; vikurnám
580840-2410-	Landsnet hf - Tengivirki Skeiði Ísafirði	Reykjavík	Spennistöðvar

441006-0470-	Orkuvinnslan ehf	Ísafjörður	Land- og kvíaeldi 20tonn	
600212-2570-	Vestfirðingur ehf	Flateyri	Land- og kvíaeldi	

Eftirtöldu veitt tímabundið starfsleyfi skv. reglugerð nr. skv. rgl. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfissráðuneytinu. Gildistími starfsleyfa er 1. mánuður.

Kennitala	Heiti	Póststöð	Heiti atvinnugreinar	
621281-1009	Fura ehf	Ísafjörður	niðurrif á olúgeymum	

## 12. Tækifærisleyfi

### heilbrigðiseftirlit hefur veitt umsagnir vegna eftirfarandi tækifærisleyfa

- Nemendafélag MÍ vegna lokaballs í Krúsinni 2. maí
- Flateyraryagninn Númi Þorkell Tómasson –Páska opnun-lengri opnunartími
- Húsið Dakis- Páska opnun, lengri opnunartími
- Pönsa ehf – Páska opnun, lengri opnunartími
- Krúsin veitingar – Páska opnun, lengri opnunartími
- Sveitasælan ehf –Páska opnun lengri opnunartími
- Strandabyggð Félagsheimilið Hólmavík Góugleði 1.mars

## 13. Tóbak – söluleyfi og undanþágur

- **Eftirfarandi er veitt undanþága til sölu á tóbaki.**

Matthías Karl Guðmundsson , Tjarnarbraut ehf, 25. apríl gildir í sex mánuði  
Jón Aron Benediktsson kt: 190498-2639 , Tálknakjörs ehf 8. maí gildir í sex mánuði.

## 14. Önnur mál

- Anton sótti námskeið hjá Matvælastofnun þann 30. apríl um efni og hluti í snertingu við matvæli. Sat jafnframt fund um matvælaeftirlit þann 29. apríl.
- Anton heimsótti heilbrigðis, umhverfis og matvælaeftirlit í Kaupmannahöfn og Malmö ásamt öðrum framkvæmdastjórum. Þar sem áhersla var lög á stjórnskipulag, og tiltæk tölvukerfi.
- Anton sótti námskeið um notkun Skráargats – hollustumerking matvæla
- Anton vakti máls á að kominn sé tími á að endurskoða stofnanasamning heilbrigðisnefndar og FÍN sem undirritaður var 16.10 2007. Lagt er til að nýgerður endurskoðaður stofnanasmningur heilbrigðiseftirlits Austurlands Haust (2013) verði notaður sem fyrirmynd. Formanni falið að ganga frá endurnýjun á stofnanasamningi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:47

**Fundadagsetningar 2014, tillaga:**

- 1. fundur 14. febrúar Ársreikningur
- 2. fundur 9. maí Matvælaeftirlit – Innra eftirlit
- 3. fundur 29. ágúst Fundur í Vesturbyggð um sumarverkefni
- 4 fundur 10. október Fjárhagsáætlun.
- 5. fundur 12. desember Viðbrögð við fjárhagsáætlun

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir matvæla-heilbrigðis- og mengunareftirlit á svæði  
Heilbrigðisnefndar Vestfjarða nr 385/2012.**

1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Tímagjald kr. 10.068

Gjald fyrir rannsókn á hverju sýni sbr. eftirlitsáætlun kr. 14.500

2. gr.

Gjöld skv. viðauka gjaldskrárinnar hækka hlutfallslega í samræmi við ofnagreinda breytingu.

Auglýsing þessi er samin með heimild í 8. gr. tóbaksvarnalaga nr. 6/2002 með síðari breytingum, samkvæmt 3. mgr. 12. gr. og 25. gr laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. lög nr. 59/1999 með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum. Gjaldskrárbreyting þessi var samþykkt í heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis þann 9. maí 2014 og öðlast gildi við birtingu.

*Bolungarvík 9. maí 2014.*

**Anton Helgason ,**

framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis.

---

# SAMÞYKKT

## um umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

### 1. gr.

Eiganda eða umráðamanni húss, girðinga og annarra mannvirkja er skylt að halda eignum vel við og halda lóðum og lendum hreinum og snyrtilegum.

### 2. gr.

Óheimilt er að skilja eftir á víðavangi, flytja, dreifa eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti slysum, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti, svo sem bíflök, bílhuta, kerrur, vélar, tæki, landbúnaðarplast, byggingaefni, báta, skipsskrokka og annað sambærilegt.

### 3. gr.

Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum.

### 4. gr.

Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmarkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri.

### 5. gr.

Þeir sem annast flutninga skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrifnaði og haga skal þvotti og hreinsun á mannvirkjum og tækjum þannig að nágrannar og vegfarendur verði ekki fyrir óþægindum.

### 6. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjarlægja skráningarskyld ökutæki án skráningarmarkja, tæki, kerrur, vinnuvélar, báta og aðra lausamuni og drasl á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða eða ábyrgðarbréfi þar sem eiganda/ábyrgð armanni skal almennt veittur 10 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða bregðast við tilmælum. Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar. Bíflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að loknum fresti sem veittur er samkvæmt 1. mgr., enda hafi þá engin andmæli borist. Skráningarskyld ökutæki án skráningarmarkja og aðrir hlutir og verðmæti sem eru fjarlægð að loknum fresti skulu geymd í vörslu viðkomandi sveitarfélags í 45 daga og síðan fargað hafi eigandi ekki vitjað eigna sinna og leyst út gegn greiðslu áfallins kostnaðar (svo sem dráttar- og geymslugjöld). Liggi fyrir skráningarmarki, vélarnúmer eða annað sambærilegt skal eiganda tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með a.m.k. 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni og eftir atvikum bifreiðaskrá og veðhöfum og tryggingarfélagi (sé um þá kunnugt) gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara. Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu skráningarskyldra ökutækja án skráningarmarkja og annarra hluta er heimilt að innheimta hjá eigendum samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með áorðnum breytingum. Heimilt er að selja nýtilega hluti úr bifreiðum og annað nýtilegt sem er tekið í vörslu og ekki leyst út samkvæmt framansögðu til að mæta kostnaði vegna töku og geymslu.

### 7. gr.

Hafi rekstraraðili ekki sinnt fyrirmælum innan tiltekins frests, sbr. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar um mengunareftirlit nr. 786/1999 með síðari breytingum, eða ekki fylgt tímasettriáætlun um úrbætur, sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar um mengunareftirlit, getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits og er hámark þeirra 500.000 á dag. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabrigða af viðkomandi heilbrigðiseftirliti en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi. Þegar verk það sem eftirlitsaðili lætur vinna er komið til vegna



vanhirðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

8. gr.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir útlögðum kostnaði af eftirlitsskyldri starfsemi fyrir eftirlit samkvæmt þessari samþykkt í samræmi við 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með áorðnum breytingum, sbr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisnefnd skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt 1. mgr. má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

9. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með áorðnum breytingum, sbr. og ákvæði 48. 49. og 50. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

10. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórna á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða; Ísfjarðarbæjar, Bolungarvíkur, Súðavíkurhrepps, Strandabyggðar, Kaldrananeshrepps, Árneshrepps, Reykhólahrepps, Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, staðfestist hér með til að gilda á starfssvæðinu samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með áorðnum breytingum.  
Samþykktin öðlast gildi við birtingu.